



Börn og sjónvarp á Íslandi 1968-2009:

Úrtak og heimtur. Ungmennni, 10-15 ára
á Akureyri, í Reykjavík og í Vestmannaeyjum

	Úrtak	Heimtur	Svarhlutfall
1968	733	601	82%
1979	864	795	92%
1985	896	824	92%
1991	961	817	85%
1997	984	857	87%
2003	1008	786	78%
2009	3202	2876	90%





Hlutfall svarenda sem höfðu ekki lesið neinar bækur (aðrar en skólabækur) á síðastliðnum 30 dögum eftir kyni og aldri

Piltar í 10. bekk 2009:

24% segjast ekki hafa lesið neina bók „í vetur“

56% segjast ekki hafa lesið neina bók „síðustu 30 daga“

Segjast lesa dagblað daglega eða næstum daglega

1968	89%
1979	90%
1985	72%
1991	68%
1997	61%
2003	40%
2009	29%

Fjöldi sjónvarpstækja á heimilum svarenda (hlutfallstölur)
Ungmenni, 10-15 ára á Akureyri, í Reykjavík og Vestmannaeyjum

	1991	2009
Eitt tæki	47	12
Tvö tæki	36	23
Þrjú eða fl.	17	65
alls	100	100

Hlutfall svarenda með eigið sjónvarpstæki 1991 og 2009 (hlutfallstölur)

	1991	2009
Piltar	38	71
Stúlkur	18	58
Samtals	29	65

„Áttu eða er í þínu herbergi eitthvað af eftirtöldu?“

Ungmenni, 10-15 ára á Akureyri, í Reykjavík og Vestmannaeyjum 1991 og 2009. Hlutfallstölur (%)

	1991	2009
Sjónvarp	29	65
Farsími*		91
Heimilistölva*		28
Fartölva*		38
(Far- eða heimilistölva*		58)

*Ekki spurt 1991

Tölvueign 2009*
eftir aldri og kyni (hlutfallstölur)

	5. bekkur	10. bekkur
Piltar	40	81
Stúlkur	32	76

*”Áttu eða er í þínu herbergi.....?”

Ef eitthvað væri að gerast einhvers staðar og þig langaði að fylgjast með, hvar myndir þú leita upplýsinga?

2003:

	Piltar	Stúlkur	Alls
Á Netinu	61	49	55
Í sjónvarpi	66	65	65
Í útvarpi	13	19	16
Í dagblöðum	32	49	40

Ef eitthvað væri að gerast einhvers staðar og þig langaði að fylgjast með, hvar myndir þú leita upplýsinga?

2009:

	Piltar	stúlkur	Alls
Á Netinu	83	75	80
Í sjónvarpi	46	55	50
Í síma	6	9	8
Í útvarpi	10	15	12
Í dagblöðum	24	39	32

Ef eitthvað væri að gerast einhvers staðar og þig langaði að fylgjast með, hvar myndir þú leita upplýsinga?

	2003:	2009:
Á Netinu	55	80
Í sjónvarpi	65	50
Í útvarpi	16	12
Í dagblöðum	40	32

Of children ages 9 to 17, 21 percent have a diagnosable mental or addictive disorder that causes at least minimal impairment.

(National Alliance on Mental Illness)

Prevalence of selected mental illnesses by age group

4-17	14%
16-24	18%
25-34	21%
35-44	21%
45-54	20%
55-64	13%
65-74	8%
75-85	5%

Fourth National Mental Health Plan—
An agenda for collaborative government action in mental health 2009–2014

© Commonwealth of Australia 2009

Átta börn á BUGL síðustu tvö ár vegna kynáttunarvanda

Mikil viðhorfsbreyting hefur átt sér stað undanfarin tvö ár varðandi kynáttunarvanda barna og unglunga. BUGL byggir nú upp nýja verkferla og vinnuaðferðir. Börnin á BUGL eru af báðum kynjum á aldrinum 8 til 17.

(Af forsíðu Fréttablaðsins 8. janúar 2013)

Þetta eru börn, unglingar og fólk með geðraskanir. Þeir sem eru viðkvæmir fyrir þola illa andrúmsloft eins og það sem hér hefur ríkt. Það ýfir upp alla undirliggjandi veikleika. Í kreppunni í Finnlandi gleymdist að huga að börnum og unglingum og fjármunir til forvarna voru skornir niður í stað þess að auka þá. Þetta skilaði ekki aðeins stóraukinni örorku hjá ungu fólki, heldur lengdi þetta óhjálkvæmilega kreppuna, þar sem slíkt er dýrt. Með því að gleyma að hlúa að viðkvæmum ungum sálum í dag, fáum við mikinn kostnað í bakið á okkur á næstu árum og áratugum.

(Sölvi Tryggvason á Pressunni 8. mars 2011 (funduð með atbeina Creditinfo))

Í umfjöllun Morgunblaðsins er sjaldan fjallað um að fólk með geðraskanir geti verið hættulegt almenningi....

Niðurstöður erlendra rannsókna sýna að neikvæðar birtingarmyndir eru greinilegar í engilsaxneskum kvikmyndum og sjónvarpsefni, tímaritum og dagblöðum. Slíkar birtingarmyndir er ekki að finna að neinu ráði í Morgunblaðinu.....

Staðalímyndir voru ekki áberandi í Morgunblaðinu á rannsóknartímabilinu.

(Unnur Hrefna Jóhannsdóttir (2011))

Lög sem útiloka fólk, sem hefur verið illa haldið af geðsjúkdómum, frá setu í kviðdómum eða á þingi, verða nú afnumin.

The Guardian, 14. júlí 2012

Slæmar sögur af geðsjúkdómum eru jafnáberandi nú og fyrir 20 árum. Nú er hins vegar mun hærra hlutfalli umfjöllunar varið í útskýringar á þessum sjúkdómum og greiningu á reynslu þeirra sem fyrir þeim verða.

Goulden (2011)

Myndin, sem dregin er upp í fjölmiðlum ætluðum börnum getur lagt grunn að varanlegum ótta, höfnun og óvirðingu, sem gegna lykilhlutverki í viðhaldi félagslegrar skammar og mismununar í garð fólks með geðraskanir.

(Wahl, 2003)

Harper (2005) ber lof á Otto F. Wahl fyrir bók hans *Media Madness* (1995) en telur eigi að síður að hann fari offari og gerir athugasemdir við ótvíræð merki um siðafár (moral panic) sem hann telur sig finna í boðskap hans. Harper bendir réttilega á að við finnum miklu meira ofbeldi í fjölmiðlum heldur en í daglegu lífi. Við getum með öðrum orðum gefið okkur, segir Harper, að fjölmiðlar tengi alla þjóðfélagshópa „of miklu“ ofbeldi, fólk með geðraskanir þar með talið.

Innihaldsgreining á bandarísku sjónvarpi á kjörtíma leiddi til þeirrar niðurstöðu að sjónvarpspersónur með geðraskanir væru nær tíu sinnum líklegri til ofbeldisverka en aðrar sjónvarpspersónur og tíu til tuttugu sinnum líklegri til ofbeldisverka en geðsjúkir Bandaríkjamenn.

(Thornicroft, 2006)

Áströlsk rannsókn sýnir að árlega eru 0,2% geðklofasjúklinga (patients with schizophrenia) sakfelld fyrir ofbeldi. Það er fjórfalt hærra hlutfall en mælist meðal almennings.

(Harper (2005) vitnar í Walsh og Fahy)

Í vestrænu barnasjónvarpi, einkanlega teiknimyndum, birtist fjöldi tilvísana í fólk með geðraskanir sem er sýnt sem glæpamenn, skopfígúrur, fólk til að hæðast að eða óttast. Jákvæð einkenni eru nánast óþekkt.

Kalucy (2011)

Niðurstöður benda til þess að neikvæð birting geðsjúkdóma sé ríkjandi í fjölmiðlaefni ætluðu börnum. Orðin, sem voru notuð yfir þessa sjúkdóma voru oftast niðrandi og einstaklingar, sem voru taldir haldnir þeim, fengu félagslegan skammarstimpil.

Coverdale (2006)

Athugaðir voru 128 sjónvarpsþættir fyrir börn og var vísað til geðsjúkdóma í 59 þeirra. Geðsjúklingarnir, sem komu mest við sögu máttu heita gersneyddir jákvæðum eiginleikum.

Málfar í þáttunum var yfirgnæfandi neikvætt gagnvart geðsjúkum og sífelldar vísbendingar um taumleysi. Með ítrekaðri og hirðulausri notkun niðurlægjandi orðfæris („crazy“, „mad“, „nuts“, „twisted“, „wacko“, „looney“) var því haldið að börnunum að þessi talsmáti væri í góðu lagi og reyndar skemmtilegur.

Niðurstaða: ungum áhorfendum er innrætt félagsleg skömm (stigma) á geðsjúkdómum.

(Wilson et al. (2000))

Umfangsmikil rannsókn á skrifum breskra stórblaða um heilbrigðismál leiddi í ljós að neikvætt efni um almenn heilbrigðismál snerist oftast en ekki um *vonda lækna* á meðan neikvæða efnið um geðheilbrigðismál fjallaði fremur um *vonda sjúklinga*.

Thornicroft, 2006

Fréttamennska á 21. öld er með öðru sniði en lengi tíðkaðist. Nú eru engin hlé, heldur er vinnan samfelld og þrýstingur stöðugur á fréttamenn að koma efni frá sér. Þetta leiðir til þess að enginn tími gefst til íhugunar eða yfirvegunar. Við slíkar aðstæður eru staðalmyndir (stereotypes) gripnar fegins hendi.

Thornicroft, 2006